

Nokkrar ábendingar við mótun fjarvistarstefnu:

- Skilgreina þarf tilgang og markmið með stefnunni – t.d. út frá hag bæði starfsmanna og fyrirtækisins. Mikilvægt er að stefna og aðgerðir nái til allra innan fyrirtækisins til að tryggja trúverðugleika og traust.
- Það er mikilvægt að það sé til staðar skilgreint og þekkt ferli við tilkynningar á veikindafjarvistum. Þetta ferli þarf að vera aðgengilegt öllum og sérstaklega kynnt fyrir nýjum starfsmönnum.
- Að utanumhald fjarvista sé til staðar og að það sé almenn vitneskja innan fyrirtækisins/stofnunarinnar um hvernig því er háttað
- Tiltekin viðbrögð stjórnenda séu skilgreind og ákveðin. Svo sem hvernig brugðist er við endurteknum fjarvistum og löngum fjarvistum. Það er hins vegar líka mikilvægt að stjórnendur noti eigin dómgreind til að bregðast við fjölbreyttum aðstæðum einstaklinga.
- Að unnið sé úr skráningum á fjarvistum og að það sé til staðar vitneskja um það hvernig er unnið úr þeim, hverjir hafi aðgang að þeim upplýsingum og hvernig þær eru notaðar. Atvinnurekanda er ekki heimilt að skrá ástæður fjarvista, einungis dagsetningu og lengd.
- Að haft sé samband við veika starfsmenn eftir tiltekinn tíma. Markmiðið er að sýna umhyggju og athuga hvað hægt sé að gera til að aðstoða viðkomandi við að koma aftur til starfa.
- Rætt sé við starfsmann sem er oft eða lengi frá vinnu vegna fjarvista. Markmiðið er að finna leiðir til að aðstoða viðkomandi við að halda fullri vinnugetu. Hér er t.d. hægt að nota skilgreint fjarvistarsamtal – dæmi um slíkt er að finna á heimasíðu Starfsendurhæfingarsjóðs www.virk.is.
- Ef um er að ræða langtímafjarvist (t.d. í meira en 4 vikur samfelld) eða endurteknar skammtímafjarvistir sem ógna vinnugetu viðkomandi þá er mikilvægt að ráðleggja starfsmönnum að leita til ráðgjafa í starfsendurhæfingu
- Þegar starfsmaður kemur aftur til vinnu eftir langtímafjarvist vegna veikinda eða slysa þá er mikilvægt að endurkoma til vinnu sé skipulögð vel og að þörfum starfsmanns sé mætt svo endurkoman verði árangursrík. Hér má t.d. benda á fræðslurit VIRK „*Vinnum saman*“ sem inniheldur ábendingar og leiðbeiningar varðandi endurkomu til starfa eftir veikindi eða slys.
- Starfsendurhæfing á vinnustað er mikilvæg til að mæta þörfum starfsmanna með skerta vinnugetu og til að standa vörð um vinnugetu starfsmanna.
- Áhersla á vinnuvernd og heilsueflingu í og utan vinnu skiptir miklu máli